

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/959
komudagur 6.2.2014

Reykjavík 6. 2.2014

Til nefndasviðs Alþingis

Efni: Umsögn um tillöga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017. (Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Undirritaður hefur farið yfir þann hluta þingsályktunartillögunnar sem lýtur að orkumálum og hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa.

Í grein 1.2. Orkumál stendur meðal annars: „*Stefnt verði í átt að fullum jöfnuði milli dreifbýlis og þéttbýlis á kostnaði við dreifingu raforku og kostnaði við húshitun með greiðslum úr ríkissjóði*“. Hér gætir líklega ónákvæmni eða misskilnings. Mismunur á húshitunarkostnaði á Íslandi er ekki sérstaklega milli dreifbýlis og þéttbýlis og heldur ekki milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Mismunurinn liggur í því hvaða og hversu ódýran aðgang byggðarlög hafa að jarðhita til húshitunar og hversu skynsamlega hefur verið staðið að uppbyggingu og rekstri. Þannig er húshitun víða ódýrust í þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni og jafnvel á sumstaðar í dreifbýli.

Þá er rétt að benda á að skýra þarf hvað felst í því að stefna að fullum jöfnuði við húshitun. Eftir orðanna hljóðan þýðir það sama gjald fyrir orku til húshitunar alls staðar á landinu, en sá kostnaður er í dag ærið misjafn, ekki bara milli rafhitunar og jarðvarmahitunar heldur einnig innbyrðis milli jarðhitaveitna. Við hvaða verð ætti þá að miða, lágsta verð hitaveitna eða eitthvað annað? Ef miðað yrði við lágsta verð þyrfti að finna geysimiklar upphæðir til að lækka húshitunarkostnað á höfuðborgarsvæðinu sem er mun hærri en sums staðar á landsbyggðinni. Ef miða ætti við verð t.d. á höfuðborgarsvæðinu þyrfti að hækka verðið víða á landsbyggðinni, t.d. á Akureyri, Egilsstöðum, Sauðaárkróki svo dæmi séu nefnd. Það er varla ætlunin. Líklega er þó átt við að jafna skuli húshitunarkostnað milli hitunar með raforku og jarðvarma en þetta þarf að skýra svo ljóst sé við hvað er átt.

Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni segir meðal annars um orkumálin: „*raforkukostnaður vegna húshitunar er niðurgreiddur um u.þ.b. 1.200 millj. kr. Einnig er veitt fjármagn til stofnkostnaðar hitaveitna og fleiri orkusparandi aðgerða. Um 500 millj. kr. vantar upp á að fullum jöfnuði sé náð í orkukostnaði vegna húshitunar, sem stefnt er að*“.

Þarna gætir væntanlega aftur sömu ónákvæmni í orðavali undirstrikuðu línunnar, þ.e. líklega er átt við að þessar 500 milljónir vanti til að gera hitun með raforku á einhvern hátt jafndýra og hitun með jarðvarma. Ef það er réttur

skilningur þá vantar samkvæmt ofansögðu að tilgreina við hvað slíkur fullur jöfnuður á miða, eru það ódýrustu eða dýrustu jarðhitaveiturnar eða eitthvert meðaltal?

Í reynd hefur það verið svo að raforka til húshitunar hefur lengst af verið niðurgreidd niður undir verð dýrustu hitaveitnanna. Ástæðan er auðvitað sú að taka þyrfti líka upp niðurgreiðslur til dýrari hluta jarðhitaveitnanna ef greiða ætti rafhitun meira niður. Væntanlega eiga ofangreindar 500 milljónir einnig við þessi mörk. Leiða má líkur að því að verð dýrustu veitnanna muni lækka með árunum eftir því sem stofnkostnaður þeirra greiðist niður. Það mun því auka niðurgreiðsluþröfina umfram þessar 500 milljónir til viðbótar er fram líða stundir. Í öllum þessu hagleiðingum er rétt að hafa í huga að orkuverð til húshitunar á landinu er langt undir því sem hann er í grannlöndum Íslands og árlegur sparnaður af notkun innlendar orkulinda, einkum jarðhita, til húshitunar nemur líklega um 50 – 80 milljörðum króna á ári sem renna beint til íslenskra heimila og atvinnulífs á formi lágs orkuverðs.


Nú er um 10% húsnæðis á Íslandi hitað með raforku en um 90% með jarðvarma. Til að greiða rafhitun niður að dýrustu hitaveitum virðist þurfa um 1,7 milljarð króna á ári og líklegt er að sú tala muni hækka með árunum. Það er vel raunhæft að koma megi upp jarðhitaveitum í umtalsverðum hluta þeirra byggðarlaga sem nú búa við rafhitun. Þær hitaveitur yrðu þó eflaust margar dýrari en dæmigerð núverandi jarðhitaveita því dýrari tækni kann að þurfa sumstaðar til að vinna jarðhitann. En til langframa yrðu slíkar jarðhitaveitur hagkvæmari en bein rafhitun og myndu lækka orkukostnað. Niðurgreiðslur eru visst réttlætismál til að jafna búsetuskilyrði en þær hafa eðlilega þau áhrif að draga úr frumkvæði og áhuga heimafólks á að koma sér upp hitaveitum eða leggja fé til slíkra verkefna. Það ætti hins vegar að vera langtímamarkmið ríkisins að draga úr þörfinni fyrir niðurgreiðslur með því að beita sér fyrir markvissri jarðhitaleit og rannsóknum til að nýta hita í jörðu á svæðum sem eru heit en vatnslítill eða fremur svöl en vatnmikil. Dæmi um þetta eru Ísafjörður, Grundarfjörður, Tálknafjörður og sumir þéttbýlisstaðir Austfjarða. Vissulega hefur Orkusjóður lagt mikið af mörkum til forrannsókna í jarðhitaleit með grunnnum borholum og í sumum tilvikum styrkt og/eða lánað til dýpri borana. Í sumum tilvikum hefur orðið árangur en í öðrum tilvikum hefur ekki tekist að hitta í vatn í fyrstu djúpu holu og þá leggja menn gjarnan árar í bát og gera ekkert til að örva borholur eða þróa tækni til að vinna vatn með niðurdælingu eða varmadælum. Eftirfylgni vantar af hálfu ríkisins og hvatann vantar hjá heimafólki. Ef ríkið myndi t.d. verja árlega til rannsókna, borana og tækniþróunar við jarðhitavinnslu á rafhitunarsvæðum upphæð sem til dæmis næmi 10% af þeirri upphæð sem fer til niðurgreiðslna á raforku til húshitunar eru líklegt að draga megi varanlega úr niðurgreiðsluþröfinni og skapa framtíðarsparnað í ríkisrekstri. En til þess þarf framsýni og langtímahugsun.

Með hliðsjón af ofansögðu legg ég til að textinn um aðgerðir í grein „1.2 Orkumál“ í þingsályktunartillögunni hljóð svo:

Aðgerðir: Stefnt verði í átt að fullum jöfnuði milli dreifbýlis og þéttbýlis á kostnaði við dreifingu raforku. Einnig verði stefnt að því að kostnaður við húshitun með raforku verði eigi hærrí en kostnaður við dýrustu hitaveitur landsins. Jafnframt verði unnið markvísst að því að leita að hagkvæmum jarðhita á þeim svæðum sem ekki búa við jarðhitaveitur og þróa aðferðir til að vinna hann á svæðum þar sem hiti er nægur í jörðu en vatn vantar og þar sem hiti er fulllágur en mikið vatnsmagn. Kostnaði verði mætt og kostnaði við húshitun með greiðslum úr ríkissjóði, lagabreytingum eða jöfnun á kostnaði orkukaupenda á ólíkum svæðum.

Jafnframt legg ég til að áðurnefnd setning í athugasemdunum um orkumálin „Um 500 millj. kr. vantar upp á að fullum jöfnuði sé náð í orkukostnaði vegna húshitunar, sem stefnt er að“ verði endurrituð þannig að rétt og skýr merking komi fram.

Virðingarfyllst



Ólafur G. Flóvenz

forstjóri